

Bæjarstjórn - 1947

FUNDARBOÐ

**1947. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 29.
janúar 2025 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2311513 - Umsækjendur um alþjóðlega vernd - samningur

2. liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 21.janúar sl.

Drög að samningi um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd lögð fram að nýju. Hrafnhildur Ágústsdóttir lögfræðingur mætir á fundinn undir þessum lið.

Fjölskylduráð samþykkir samning vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd eins og hann liggur fyrir og vísar honum til bæjarstjórnar til frekari staðfestingar.

Samanber yfirliti Vinnumálastofnunar um þróun fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd í Hafnarfirði, á vegum stofnunarinnar, hefur þeim fækkað frá árinu 2023. Mikið hefur reynt á innviði sveitarfélagsins á síðustu árum, þá sérstaklega við að tryggja börnum á flótta þá grunnþjónustu sem þau eiga rétt á. Fjölskylduráð ítrekar mikilvægi þess að ríkið taki ákvarðanir um staðsetningu húsnæðis og fjölda umsækjenda um vernd á hverjum tíma í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag. Þá einnig að hugað sé að getu og innviðum sveitarfélagsins við að mæta þjónustu við þennan hóp.

2. 2412860 - Þjónustusamningur um rekstur Áshamars leikskóla

1.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 22.janúar sl.

Lagt fram til samþykktar

Fræðsluráð samþykkir fyrirbyggjandi þjónustusamning við Fagfólk ehf vegna rekstur á Áshömrum leikskóla í Hamranesi og vísar til frekari samþykktar í bæjarstjórn.

3. 2308876 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2024 og 2025-2027

2. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 23.janúar sl.

Lagður fram viðauki. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir viðauka og vísar til bæjarstjórnar.

4. 2501434 - Óseyrarbraut 2, Kænan, samkomulag

5.liður úr fundargerð bæjarráð frá 23. janúar sl.
Lagt fram. Haraldur Sverrisson mætir til fundarins

Bæjarráð samþykkir og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

5. 2412121 - Ásvallabraut 12H, umsókn um lóð

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 23.janúar sl.

Lögð fram umsókn Mílu um veitulóð við Ásvallabraut 12H. Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs liggur fyrir.

Bæjarráð samþykkir og vísar til bæjarstjórnar.

6. 2501136 - Straumhella 2, stækkun lóðar

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 23.janúar sl.

Lögð fram beiðni um lóðarstækkun. Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs liggur fyrir .

Bæjarráð samþykkir og vísar til bæjarstjórnar.

7. 2411149 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting AT1, Reykjavíkurvegur Fjarðarhraun

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 23.janúar sl.

Bæjarstjórn samþykkti 3. desember sl. að leita umsagna við skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Tillagan snýr að breytingu á landnotkun AT1 við Hólshraun. Umsagnir lagðar fram. Vinnslutillaga lögð fram.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu á vinnslustigi að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna breytingu á landnotkun AT1 við Hólshraun og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

8. 2404955 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Fornubúðir 5

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 23.janúar sl.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti 11.9.2024 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða breytingu á deiliskipulagi Suðrhafnar vegna Fornubúða 5. Tillagan felur í sér breytingu á skilmálum í greinargerð. Skilmálar miðsvæðis M7 breytast vegna lóðarinnar Fornubúðir 5. Á reit M7 er gert ráð fyrir fyrirtækjum og stofnunum sem tengjast höfn, útgerð, hafrannsóknnum og þjónustu við starfsemi á svæðinu. Einnig er gert ráð fyrir fjölbreyttari landnotkunar heimildum, s.s. fyrir almenna þjónustu, menningarstarfsemi, menntastofnanir. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna miðsvæðis M7 gerir ráð fyrir að íbúðir verði einnig heimiluð á svæðinu. Tillagan var í kynningu 17.10.-28.11.2024. Athugasemdir bárust. Lögð fram samantekt athugasemda og svör.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við athugasemdum og samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

9. 2408562 - Fornubúðir 5, breyting á deiliskipulagi

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 23.janúar sl.

Á fundi bæjarstjórnar 11. september sl. var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Fornubúða 5 samhliða breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Tillagan gerir ráð fyrir allt að 5 hæða byggingu fyrir blandaða starfsemi, skrifstofum, verslun, þjónustu, hóteli og íbúðum. Breytingin felst í meginatriðum í því að bætt er við heimild fyrir hóteli/hótelíbúðum og íbúðum, lóðin er stækkuð lítillega, gerð er ný gata og bílastæðaskilmálum er breytt. Tillagan var auglýst 17.10-28.11.2024. Athugasemdir bárust. Lögð fram samantekt athugasemda og svör.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við athugasemdum og samþykkir framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi Fornubúða 5 og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

Breytt deiliskipulag öðlast gildi við birtingu í B deild Stjórnartíðinda
<https://www.stjornartidindi.is/>

Ef breytinga er þörf, s.s. á lögnum, tilfærslu ljósastaura, rafmagnskassa, götugögnum, gangstétt eða kantstein vegna samþykktarinnar leggst kostnaðurinn á lóðarhafa.

10. 2501113 - Suðurhöfn, breyting á deiliskipulagi

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 23. janúar sl.
Lagt fram erindi Silju Traustadóttur fh. Eflu þar sem óskað er eftir heimild til að hefja vinnu við deiliskipulag vegna áforma um byggingu Tækniskóla á svæði sem afmarkast af Óseyrargötu, Fornubúðum og Cuxhavengötu.

Skipulags- og byggingarráð heimilar að hafin verði vinna við breytingu á deiliskipulagi svæðisins og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn. Óskað er eftir að uppbyggingaráform verði kynnt fyrir ráðinu.

11. 2302533 - Kaplakriki, fasteignir, eignarhald

Fulltrúi Viðreisnar óskar eftir umræðu um málið.

12. 2412830 - Ráðning bæjarstjóra

Fulltrúar Samfylkingar óska eftir umræðu um málið.
10. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 23. janúar sl.
12.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 15.janúar sl.
Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram fyrirspurn.

Árni Rúnar Þorvaldsson tekur til máls og leggur fram eftirfarandi fyrirspurn og leggur jafnframt til að málinu ásamt fyrirspurn verði vísað til bæjarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi fyrirspurn:
Óskað er sundurliðaðra upplýsinga um kostnað vegna biðlauna og ótekens orlofs og annarra þátta. Þá er óskað upplýsinga um framtíðarfyrirkomulag

vegna setu fráfarandi bæjarstjóra í bæjarstjórn og öðrum nefndum og ráðum innanbæjar sem og í ýmsum stjórnnum utan stjórnsviðs Hafnarfjarðar, svo sem í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, stjórn Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og öðrum stjórnnum.

Valdimar Víðisson kemur til andsvars sem Árni Rúnar svarar.

Guðmundur Árni Stefánsson tekur til máls.

Fundarhlé kl. 16:16. fundi framhaldið kl. 16:22.

Forseti ber næst upp framkomna tillögu um að málinu verði vísað til bæjarráðs. Er það samþykkt samhljóða.

Fulltrúar Samfylkingarinnar þakka framlögð svör en ítreka þann hluta fyrirspurnarinnar sem snýr að setu fráfarandi bæjarstjóra í bæjarstjórn og öðrum ráðum og nefndum á vettvangi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar sem og í ýmsum stjórnnum utan stjórnsviðs Hafnarfjarðar eins og í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og öðrum stjórnnum.

Undirrituð mun ekki biðjast lausnar frá bæjarfulltrúastarfinu að sinni enda um hlutastarf að ræða sem flestir sinna samhliða öðrum störfum. Á meðan gegnir undirrituð störfum í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem sérstaklega var kosið í á landsþingi Sambandsins. Rósa Guðbjartsdóttir.

13. 2412079 - Foreldraráð Hafnarfjarðar, húsnæðismál Klettsins og Vinaskjóls

Fulltrúar Samfylkingar óska eftir umræðu um málið.

2. liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 22.janúar sl.

Lagt fram svar íprótta- og tómsfundafulltrúa við erindi Foreldraráðs Hafnarfjarðar um húsnæðismál Klettsins og Vinaskjóls.

Lagt fram.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja áherslu á að málið sé leyst fljótt og vel fyrir þann hóp sem Kletturinn og Vinaskjól þjónusta. Finna þarf starfsemi á ásættanlegt og varanlegt húsnæði sem svarar þörfum notenda og einnig er mikilvægt að húsnæðið sé staðsett með þeim hætti að auðvelt sé að sækja þá þjónustu sem Kletturinn og Vinaskjól bjóða upp á.

Fulltrúi grunnskólakennara fagnar fyrirspurn Foreldraráðs Hafnarfjarðar er kemur að flutningi Vinaskjóls og Klettsins. Suðurgatan hefur hentað þessum úrræðum vel hingað til og sér ekki ástæðu til þess að flytja þau inn í iðnaðarsvæði þar sem engin græn svæði eru, engar strætósamgöngur heldur. Fyrir utan að þau njóta góðs af því að vera í nálægð við líflegt andrúmsloft sem er í miðbæ Hafnarfjarðar, kaffihús, bókasafn, göngutúrar á gangstéttum, ípróttahúsið við Strandgötuna og höfnina. Foreldrar þessara barna hafa miklar efasemdir og áhyggjur frá því þessi ákvörðun var tekin um flutning á Selhelli.

14. 2305029 - Kjaramál, staða, bæjarstarfsmenn,

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðu um stöðu kjaraviðræðna

sveitarfélaga og KÍ og leggja fram eftirfarandi tillögu að ályktun bæjarstjórnar:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar harmar stöðu kjarasamningsviðræðna Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Skammt er síðan kennarar í leik- og grunnskólum á nokkrum stöðum á landinu, m.a. í einum grunnskóla í Hafnarfirði, fóru í tímabundin eða ótímabundin verkföll. Þann 29. nóvember sl. var skrifað undir samkomulag milli aðila þar sem verkföllum kennara á öllum skólastigum var frestað og samningsaðilar gáfu sér tvo mánuði til þess að ljúka kjarasamningum og samkomulagið gerði ráð fyrir friðarskyldu á þeim tíma. Nú er þessum tveimur mánuðum að ljúka og ekki lítur út fyrir að samningar náist á næstunni. Því stefnir allt í verkföll á nýjan leik með tilheyrandi raski á skólastarfi nemenda. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er sammála um að það sé óviðunandi staða og hvetur til þess að kjarasamningar verði undirritaðir hið fyrsta til að afstýra verkföllum.

Fundargerðir

15. 2501140 - Fundargerðir 2025, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 22.janúar sl.

a. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 13.desember sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 22. janúar sl.

a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar frá 14.janúar sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 23.janúar sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 23.janúar sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 8.janúar sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 15.janúar sl.

c. Fundargerð stjórnar SSH frá 6.janúar sl.

d. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 15. janúar sl.

e. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 13. desember sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 21.janúar sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 27.janúar sl.

27.01.2025

Valdimar Víðisson bæjarstjóri